



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 30. júní 2025



Fimmti fundur 68. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 30. júní 2025 kl. 16.30.

Mætt voru: Jón Halldórsson, Ásgeir Jónsson, Bjarni Ákason, Guðríður Guðjónsdóttir, Harpa Vífilisdóttir, Helga Birna Brynjólfsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir og Kristín Þórðardóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Ásgeir Sveinsson, Haddur Stefánsson og Sigurborg Kristinsdóttir.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - RG renndi yfir verkefni sumarsins.
 - JH fór yfir stöðu ásynðarvinnu.
3. Fjármál – uppgjör fyrstu 5 mánaða
 - RG kynnti 5 mánaða uppgjör HSÍ en staðan er mjög alvarleg og vinna þarf að langtímalausnum.
4. Kvörtun frá leikmannasamtökum Íslands
 - Kvörtun barst frá leikmannasamtökum Íslands vegna samskipta við Hörð. Ákveðið var að vísa málinu frá.
5. Leikjaplan og dagskrá haustsins
 - RG kynnti drög að umferðatali fyrir veturinn – klárað verður að raða mótinu upp í vikunni.
 - Lagt er til að fjölgað verði í Grill 66 deild karla í 12 lið. Stjórn HSÍ samþykkti tillögu mótanefndar.
 - Mótanefnd mun yfirfara niðurröðun leikja áður en þeir verða gefnir út.
6. Dómaranefnd
 - Reynir Stefánsson er tilbúinn að leiða starf dómaranefndar næsta vetur en nefndin er án formanns sem stendur. Ný dómaranefnd verður mönnuð á næstu vikum.
7. EM 2026 í Svíþjóð og HM 2025 í Þýskalandi
 - HSÍ er með frátekin 10 hótélherbergi í Kristianstad. Stjórnarfolk má endilega láta vita hvort þú óski eftir herbergi. Verð liggur ekki fyrr. Eins þarf að ýta miðasölunni áfram og ákveða með hvaða hætti miðar í box verða seldir. Sama verður gert í Stuttgart þegar nánari upplýsingar liggja fyrir. Einnig má panta sal fyrir sponsa þar. Ekki hefur enn borist upplýsingar um miðasölu.
8. Final 4 í Köln
 - JH fór yfir helgina á Final 4 í Köln. Pantað verður box að ári.
9. Staða markaðsnefndar
 - BÁ rakti aðeins starf markaðsnefndar í júní. Í kjölfar ásynðarvinnu HSÍ verða útbúnir sölupakkar.
10. Staða fræðslu- og útbreiðslunefndar
 - IL fór yfir starf fræðslu- og útbreiðslunefndar og kynnti sérstaklega stöðu iðkendatalna en fjölgun hefur verið á milli ára undanfarin ár sem er gríðarlega jákvætt.
11. Landsliðsbúningur Íslands



- RG kynnti stöðu á nýjum búning. Vandræði er hjá Adidas að koma öllum auglýsingum fyrir en sú vinna þarf að klárast í vikunni.

12. Ný heimasíða HSÍ

- Heimasíða HSÍ er enn í vinnslu. Leggja þarf mikla vinnu í júlí til að efnisvinna heimasíðuna.

13. Önnur mál

- Opnunartími skrifstofu í júlí verður 9-13. Auglýsing verður birt á heimasíðu og á samfélagsmiðlum.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl.17:43.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari